

1566. FUNDUR FLUGRÁÐS

Mánudaginn 5. desember 2011 var haldinn fundur í flugráði og var fundur settur kl. 11:15.

Viðstödd voru: Gunnlaugur S. Stefánsson, Gísli Baldur Garðarsson, Auður Alfífa Ketilsdóttir, Lárus Atlason og Þorgeir Haraldsson. Árni Gunnarsson og Jens Bjarnason boðuðu forföll.

Frá Flugmálastjórn: Pétur K. Maack.

Frá innanríkisráðuneyti: Ögmundur Jónasson sem sat fundinn undir þriðja lið, Sigurbergur Björnsson og Valgerður Guðmundsdóttir.

Ritari fundargerðar: Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir.

Í upphafi fundar sagði formaður frá því að flugráð hitti fyrir fundinn fulltrúa Flugmálafélags Íslands. Fulltrúar félagsins gerðu flugráði grein fyrir þrjúþættum erfiðleikum sem þeir telja að steðji að einkaflugi á Íslandi þ.e.a.s nýjum reglum um viðhald almannaloftfara frá EASA og verklagi Flugmálastjórnar við innleiðingu þeirra reglna auk framgöngu stofnunarinnar gagnvart viðskiptavinum og flugvélaeigendum. Flugmálafélag Íslands lagði fram gögn máli sínu til stuðnings.

Ákveðið að formaður og Lárus Atlason fylgist frekar með málinu fyrir hönd flugráðs.

1. Fundargerðir 1565. fundar flugráðs

Fundargerð 1565. fundar flugráðs var lögð fyrir og samþykkt.

2. Stefnumörkum í flugmálum

Frá síðasta fundi flugráðs hafa drög ráðsins í flugmálum verið undirbúin og voru þau drög lögð fyrir fundarmenn. Áður höfðu drögin verið send á milli flugráðsmanna og bárust ágætis ábendingar frá Jens Bjarnasyni sem verða tekin inn í endanleg drög.

3. Viðræður við innanríkisráðherra

Formaður bauð ráðherra velkominn á fund flugráðs og sagði frá því að ráðið hefur reynt í sínu starfi að leggja áherslu á að sjá flugið í hinu stóra samhengi ekki síst í ljósi þess að velta flugiðnaðarins á Íslandi er um 150 milljarðar á ári sem er álíka velta og í fiskvinnslunni auk þess sem 85% af tekjum flugsins koma frá útlöndum.

Það sem hefur skipt flugráð miklu máli eru umhverfismálin þar sem ráðið var leiðandi í kynningu á útblásturskvóta í flugi en flugráð lagði á það áherslu að fá undanþágu fyrir innanlandsflugið sem þegar á hólminn var komið var ekki sótt um.

Þá hafa málefni Reykjavíkurflugvallar og skipulagsmál Flugmálastjórnar með uppskiptingu, stofnun Isavia og nú hugmynd að sameiningu samgöngustofnana verið á dagskrá flugráðs auk flugverndar en flugráð leggur áherslu á að sú framkvæmd sem Ísland hefur eitt landa getað viðhaft í flugvernd í innanlandsflugi verði varin. Flugráð leggur og áherslu á mikilvægi loftferðasamninga og samkeppni í flugi auk innleiðingar allra reglna sem við eiga í Evrópu.

Í ljósi alls þessa taldi flugráð ástæðu til að setja saman heildar stefnumörkun í flugi sem yrði um leið tæki fyrir stjórnvöld sem þau geta haft til hliðsjónar þegar horft er til framtíðar.

Ráðherra þakkar boðið á fundinn og er sammála þeim áherslum sem fram hafa komið. Ráðherra segir að gæta verði jafnvægis á milli flutninga á landi, legi og láði og hefur talað því máli eindregið að Reykjavíkurflugvöllur þjóni meginflugvelli í innanlandsflugi. Í sömu andrá gerir ráðherra sér grein fyrir að verið er að leggja aukna gjalddöku á flugið af illri nauðsyn. Hann leggur áherslu á að samgöngumál landsins séu skoðuð heildstætt sem er grundvöllur samþykkis ráðherra á fyrirhugaðri sameiningu samgöngustofnana. Þá telur ráðherra mikilvægt að flugmálageirinn sé vel tengdur alþjóðlega og að gætt sé hagsmuna íslensks flugiðnaðar á alþjóðavettvangi.

Ráðherra telur þær auknu skattaálögur sem flugið hefur þurft að bera áhyggjuefni en segir að verið sé að skoða hvort leiðir séu til að draga úr þeim og styðja innanlandsflugið betur.

Ráðherra og flugráðsfólk skiptust á viðhorfum í ofangreindum málum og voru sammála um að flugráð héldi áfram starfi sínu á fyrirliggjandi grundvelli.

Formaður þakkar ráðherra fyrir komuna.

4. Til umsagnar ráðsins

Innanríkisráðuneytið sendi til umsagnar drög að reglugerð um sameiginlegar reglur um flugrekstur og flugþjónustu innan Evrópska Efnahagssvæðisins.

Reglugerðardrög þau sem hér eru til umsagnar innleiða Evrópureglugerð nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu. Markmið reglugerðarinnar er að kveða á um sameiginlegar reglur um veitingu flugrekstrarleyfa, opin aðgang flugrekenda innan Evrópska Efnahagssvæðisins að sameiginlegum markaði og samræmdar reglur um far- og farmgjöld í flugþjónustu. Með reglugerðinni eru reglugerðir 2407/92, 2408/92 og 2409/92 felldar úr gildi en þær voru innleiddar með reglugerð nr. 969/2008 um veitingu flugrekstrarleyfa, markaðsaðgang flugrekenda, fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu innan Evrópska Efnahagssvæðisins og því fellur sú reglugerð úr gildi við gildistöku þeirrar nýju.

Flugráð gerir ekki athugasemdir.

Tillaga Flugmálastjórnar að gjaldskrárbreytingu stofnunarinnar var lögð fyrir flugráð til upplýsinga en tillagan er til málsmeðferðar hjá innanríkisráðuneytinu.

Flugráð gerir ekki athugasemdir.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

1566. fundi flugráðs var slitið kl. 12:55

Næsti fundur flugráðs er áætlaður 6. janúar 2012 kl. 11.00

Gunnlaugur S. Stefánsson
formaður

Gísli Baldur Garðarsson
varaformaður

Árni Gunnarsson

Jens Bjarnason

Lárus Atlason

Auður Alfífa Ketilsdóttir

Pétur K. Maack
flugmálastjóri

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir
ritari